




Agnar Jón Egilsson
leiklistarnemi



**ÁFENGI & KYNLÍF & TRÚARBRÖGÐ**

**Kynlíf**
*Gaman, gaman*
**Trúarbrögð**
*Sjálfsleit og eigin hamingja*
**Brennivín**
*Íslendingar, ÁTVR, raðir, detta, garga og bar.*



**SIGURÐUR ÁRNI SIGURÐSSON**
*„Það er mikið af þessum grænu lit á sýningunni sem maður elst upp við hérna á Íslandi en finnur hvergi annars staðar."*

# Málar almenningsgarða

## *Sýning á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar opnar á laugardaginn á Kjarvalsstöðum.*

„Það má segja að sýningin skiptist í tvennt, annars vegar sýni ég málverk, teikningar og módel af almenningsgörðum, í þeim hluta kemur rómantíkerinn í mér fram. Hins vegar eru þetta málverk sem eru ákveðið framhald þess sem ég hef verið að fást við undanfarin ár og snúast um spurninguna um málverkið sjálft," segir **Sigurður Árni Sigurðsson** listmálari sem opnar sýningu á verkum sínum á laugardaginn á Kjarvalsstöðum.

Sigurður segir að ástæðan fyrir áhuga hans á almenningsgörðum sé sú að garðar og fólk tengist sterkum böndum.

„Síðustu ár hefur mikið verið talað um mikilvægi grænna reita í borgum. Í því samhengi finnst mér mjög spennandi að málverk mín af almenningsgörðum öðlast ákveðið notagildi. Þannig tengjast þau á vissan hátt landslagsarkitektúr. Teikningarnar sem ég sýni ásamt málverkunum gætu til dæmis alveg eins verið eftir landslagsarkitekt og myndlistarmann."

Sigurður segir að deildar meiningar séu uppi um hvort garðarnir í myndum hans séu íslenskir eða franskir. Íslendingar segi að þeir séu franskir en Frakkar að þeir séu íslenskir.

„Ég veit það eiginlega ekki alveg sjálfur. Þetta er dálítið eins og með son minn sem er eins og hálfs árs. Hann er farinn að babla dálítið og við sögðum alltaf við Frakkana að hann talaði íslensku reiprennandi. Þeir urðu mjög hrifnir yfir því að svo ungt barn væri farið að tala. Hér á Íslandi segjum við svo aftur að hann tali frönsku. Garðarnir eru einhvern veginn frá þessu sama svæði.

En það er mikið af þessum grænu lit á sýningunni sem maður elst upp við hérna á Íslandi en finnur hvergi annars staðar."

Sigurður hefur verið búsettur í París síðustu ár en er nú gagngert kominn til Íslands til sýningarhalds. Í byrjun október, að lokinni sýningunni á Kjarvalsstöðum, mun hann opna sýningu í listasafni heimabæjar síns, Akureyri, og sú sýning verður hans fyrsta alvöru einkasýning þar í bæ.

Sigurður hefur verið iðinn við sýningarhald frá því að hann lauk námi vorið 1990. Hann hélt til dæmis fjórar einkasýningar á síðasta ári í þremur löndum: tvær í Frakklandi, eina í Þýskalandi og eina í Sviss. Og ekki er útlit fyrir að neitt sé að hægjast um hjá honum því hann heldur aftur til Frakklands í haust til að undirbúa einkasýningu sem á að opna í Lyon í janúar og aðra sem er fyrirhugað að opni í París í apríl.

*áhættur skaltu glápa, annars, farðu í háttinn.*
**00.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

**STÖÐ 2 17.05** Nágrannar *Ömurlegt dæmi um lágkúrulega fjöldaframleiðslu í sjónvarpi.* **17.30** Myrkfælnu draugarnir **17.45** Með fiðring í tánum **18.10** Litla hryllingsbúðin **18.45** Sjónvarpsmarkaðurinn **19.19** 19:19 **20.15** Saga McGregor fjölskyldunnar **21.05** Afmælistónleikar Virgin hljómplötuútgáfunnar **22.35 Kvalarinn** *Í kynningu Stöðvar 2 á þessu efni segir: „Óhugnanleg spennumynd sem hefur verið líkt við The Silence of the Lambs." Í ljósi þess að enginn hefur nokkurn tíma heyrt þessarar myndar getið (Dead Bolt) er ljóst að hér er um lélega eftirlíkingu að ræða. Ef þú hefur séð Lömbin þagna, væri fáránlegt að eyða tímanum í að horfa á hana aftur með lélegri leikurum, en ef þú ert ekki búinn að sjá hana væri ennþá heimskulegra að horfa á þessa í stað þess að horfa á upprunalegu myndina sem er snilldarleg. Slökktu á sjónvarpinu.* **00.05 Leiðin langa** *Gamall maður drepur hestinn sinn og fer síðan að hugsa um gamla daga og góða.* **01.35 Í skuggasundum** *Ein albesta mynd Roberts DeNiro og snillingurinn Harvei Keitel leikur á móti honum. Þeir eru að sjálfsögðu ítalskir maffíósar í Ameríku, því þannig eru þeir bestir* **03.25** Dagskrárlok

## *LAUGARDAGUR*

### P O P P

Stuðboltarnir í hljómsveitinni **Sýn** trylla á Rauða ljóninu og spila allt milli himins og jarðar.

Á Turnhúsinu ærir hljómsveitin **Goodfellas** allt með rokki og rithmablús.

Á Hótel Íslandi spila **Fánar** og Brimklóin og **Björgvin Halldórsson** undir yfirskriftinni „Sveitaball á mölinni." Margir tjútta af sér rassinn við þetta tækifæri.

**Rúnar Júlíusson** og vinir hans spila á Amsterdam í kvöld.

**Fánar** sjá um fjörið á Kaffi Royal í Hafnarfirði. Þar er líka bjórkvöld svo það eru fáar afsakanir sem eru nógu góðar til að láta sig vanta.

### BAKGRUNNSTÓNLIST

Á Café Romance spilar **David** á slaghörpu og tekur undir íðilfagurri röddu.

Sá sorglegi atburður gerist að **Skárr'en ekkert** spila ekki í kvöld á hótel Borg eins og þeir hafa gert margar undanfarnar helgar. Einhver annar hleypur í skarðið.

Trúbadorinn **Hermann Ingi** spilar á Fógetanum við fögnuð.

### D A N S S T A Ð I R

**Margeir** og **Grétar** sjá um tónlistina á Tunglinu og verða með „4 deck mixing," en það felst í því að þeir spila báðir í einu og eru með flóknar skiptingar milli laga, því það er svo gaman.

Karókístemmning á Tveimur vinum sem aldrei fyrr.

### L E I K H Ú S

**Hárið** sýnt í Íslensku óperunni kl. 20:00 í leikstjórn Baltasars Kormáks. Dragið fram mussurnar og vaðið á Hárið.

**Vélgengt glóaldin** í leikstjórn Þórs Tuliniusar í Sumarleikhúsinu við Hlemm kl. 20:00. Leikrit eftir sögu Anthony Burgess. Gotti í aðalhlutverki.

### O P N A N I R

**Rósanna Ingólfsdóttir** opnar sýningu á leirlist í listmunahúsi Ófeigs að Skólavörðustíg 5. Þetta er fyrsta einkasýning Rósönnu á Íslandi en hún hefur búið í Noregi og Svíþjóð að undanförnu. Sýningunni lýkur 19. ágúst.

Sýning **Sigurðar Árna Sigurðssonar** hefst í Vestursal Kjarvalsstaða. Sigurður er einn af þeim sem landinn bindur sínar stærstu vonir við í myndlistinni. Hann hefur stundað nám í París undanfarin ár.

Sýning á verkum **Kristins G. Harðarsonar** verður opnuð í miðsal Kjarvalsstaða. Hann hefur búið í Bandaríkjunum undanfarin ár og sinnt þar list sinni.

Í Austursal hanga verk **Jóhannesar Kjarvals**.

### Í Þ R Ó T T I R

**Golf** Í dag fara fram fjölmörg lokuð og opin mót á vegum hinna ýmsu aðildarfélaga Golfsambands Íslands. Lysthafandi er bent á mótaskrár sinna klúbba þar sem frekari upplýsingar fást.

### F E R Ð I R

**Ferðafélagið - Hekla** Mesti spenningurinn er venjulega á Hellisheiðinni, þar sem sést hvort þessi drottning fjalla er skýjum hulin. Sjálf gangan hefst í Skjólkvím rétt fyrir norðan Heklu og tekur um átta klukkustundir. Ekkert príl, en lýjandi ganga sem er verðlaunuð með rífandi fallegu útsýni, bjóði veðrið upp á það.

**Útivist - Hlöðufell** Fimmti áfangi háfjallasyrpunnar sem Útivist býður upp á í sumar. Hlöðufell er móbergsstapi sem stendur suðvestan Langjökuls. Fjallið er hömrum girt, en þó er flestum fært upp á topp, án teljandi erfiðleika. Hlöðufellið er rismest allra fjalla sunnan Langjökluls og þaðan er geysifagurt útsýni.

**Ferðafélagið - Fimmvörðuháls** Gengið frá Skógum upp að Heljarkambi og niður hinum megin. Takið sérstaklega eftir fagurri fjallasýn norðanmegin á hálsinum og rennið ykkur niður Bröttufönn - með varúð þó.

### S J Ó N V A R P

**RÍKISSJÓNVARPIÐ 09.00** Morgunsjónvarp barnanna *Kynnirinn er hin ofurhressa Rannveig Jóhannsdóttir. Meðal dagskrárefnis má nefna: Hvar er Valli? og Múmínálfana.* **10.30** Hlé **16.30** Íþróttahornið *Endursýndur þáttur frá fimmtudegi og Samúel Örn klúðrar þessum þætti jafnvel enn meira áberandi en á fimmtudaginn.* **17.00** Landsmót í golfi *Enn og aftur er verið sýna frá kylfingum landsins.* **18.20** Táknmálsfréttir **18.30** Völundur **18.55** Fréttaskeyti **19.00** Geimstöðin **20.00** Fréttir **20.30** Veður **20.35** Lottótölur kvöldins eru: 5,3,25,15 og 33. Bónsustalan er 2 **20.40** Kóngur í ríki sínu **21.10** Á brautarstöðinni *Bresk vælumynd frá 1992. Reyndar skítsæmileg ef marka má kvikmyndahandbækur.* **22.55 Dauðinn ríður ljósum hesti** *Það er Clint Eastwood sem ber ábyrgð á þessari mynd. Guðni Kolbeinsson ber*


GAUKUR Á STÖNG · VEITINGAHÚS

**Tónlist Gauksins næstu viku**

| FIMMTUDAGUR 4. ágúst | FÖSTUDAGUR 5. ágúst | LAUGARDAGUR 6. ágúst | SUNNUDAGUR 7. ágúst | MÁNUDAGUR 8. ágúst | ÞRIÐJUDAGUR 9. ágúst | MIÐVIKUDAGUR 10. ágúst |
|---|---|---|---|---|---|---|
| UNDIR TUNGLINU | UNDIR TUNGLINU | LIPSTICK LOVERS | MANNAKORN | ALVARAN | ALVARAN | RASK |